

# Viðauki við líftryggingu

## 1. DÁNARBÆTUR BARNA

Ef lifandi fætt barn vátryggðs yngra en 3ja mánaða, andast á vátryggingatímanum greiðir félagið dánarbætur kr. 200.000.

Ef barn vátryggðs, 3ja mánaða til 18 ára gamalt andast á vátryggingartímanum greiðir félagið dánarbætur kr. 500.000.

Bætur skv. grein þessari greiðast til kynforeldra barnsins. Sé barn ættleitt greiðast bætur til kjörfareldris/foreldra og um leið fellur niður réttur kynforeldris/foreldra ef lagatengsl þess við barnið hafa fallið niður samkvæmt 25. gr. laga nr. 130/1999 um ættleiðingu.

Greiðsla bóta skv. þessari grein hefur ekki áhrif á tryggingu vátryggðs.

Ef bætur greiðast til fleiri en eins aðila vegna sama barns skiptast greiðslur jafnt milli aðila.

Skilmálar nr. VL175  
Gildir frá og með 15.05.2005  
Viðauki við einstaklingslíftryggingar  
OKKAR líftrygginga hf.